

Akureyri, 22.04.2026
Tilv. 2026-01-16-0220

Efni: Svipting. Skil á aflaupplýsingum. Strandveiðar. Máni ÍS - 87 5183

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar brot skipstjórnanda bátsins Mána ÍS - 87, skipaskrárnúmer 5183, vegna ófullnægjandi skila á aflaupplýsingum í tíu strandveiðiferðum á strandveiðivertíð 2025 (hér á eftir „vertíðinni“), gegn reglugerð um skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023 og lögum um umgengi um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

I. Málsvik

Samkvæmt gögnum Fiskistofu um skil á aflaupplýsingum hefur skipstjórnandi bátsins Mána ÍS - 87 (5183) ekki skilað aflaupplýsingum stafrænt til Fiskistofu áður en bátnum var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum strandveiðiferðum eftirfarandi daga á vertíðinni:

| Skráð ófullnægjandi skil aflaupplýsinga | | |
|--|-----------|-----------|
| 15.5.2025 | 22.5.2025 | 3.7.2025 |
| 19.5.2025 | 28.5.2025 | 14.7.2025 |
| 20.5.2025 | 19.6.2025 | - |
| 21.5.2025 | 30.6.2025 | - |

Af þeim sökum er skipstjórnandi bátsins grunaður um að hafa brotið gegn 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996. Skráð ófullnægjandi skil voru í tíu strandveiðiferðum bátsins á vertíðinni, þ.e. í um 60 % strandveiðiferða.

Fiskistofa leiðbeindi útgerðaraðila bátsins um skil á aflaupplýsingum með bréfum dags. 23.6.2025, 30.5.2025, 21.7.2025, 7.7.2025, 23.5.2025 og 23.5.2025, vegna framangreindra ófullnægjandi skila.

II. Lagagrundvöllur

Skráning og skil á aflaupplýsingum á strandveiðum fer eftir ákvæðum laga nr. 57/1996 og reglugerðar nr. 307/2023, samkvæmt 8. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024, sbr. 2. másl. 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a. laga nr. 116/2006.

Skipstjórnandi skal senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 307/2023 áður en bát er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

Brot gegn reglugerð nr. 307/2023 og lögum nr. 57/1996 og 116/2006 geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. skriflegri áminningu eða sviptingu leyfis til strandveiða samkvæmt 15. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 13.mars 2026, var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, málsvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og gefinn kostur á að koma andmælum

og athugasemdum á framfæri áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Málsaðila var veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir og andmæli vegna málsins til 27. mars 2026.

Í athugasemdum sem bárust með tölvupósti þann 13. mars 2026 gerði málsaðili ekki athugasemdir við framangreind málsatvik. Gerð er grein fyrir vankunnáttu á aflaskráningarhugbúnaði, tæknilegum örðugleikum við skil á aflaupplýsingum og að ekki hafi verið gætt nægilega að búnaði til aflaskráningar. Fram kom að skipstjórnandi hafi nú kynnt sér reglur er gilda um skil á aflaupplýsingum og brugðist við með úrbótum á búnaði til aflaskráningar.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipstjórnandi bátsins Mána ÍS - 87 (5183) skilaði ekki aflaupplýsingum stafrænt til Fiskistofu áður en bátnum var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum strandveiðiferðum eftirfarandi daga á vertíðinni:

| Skráð ófullnægjandi skil aflaupplýsinga | | |
|---|------------|-----------|
| 15.5.2025* | 22.5.2025* | 3.7.2025* |
| 19.5.2025* | 28.5.2025* | 14.7.2025 |
| 20.5.2025* | 19.6.2025* | - |
| 21.5.2025* | 30.6.2025 | - |

Aflaupplýsingar bárust eftir framangreint tímamark í tvö skipti og í átta skipti bárust engar (stjórnumerkt*). Skil á aflaupplýsingum eftir tímamarkið eru ekki fullnægjandi skil. Af þeim sökum voru skil skipstjórmannda Mána ÍS - 87 (5183) ófullnægjandi í 10 af 17 strandveiðiferðum á vertíðinni, þ.e. í um 60% strandveiðiferða.

Með því að skila ekki aflaupplýsingum til Fiskistofu áður en bátnum var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum 10 af 17 strandveiðiferðum á strandveiðivertíð 2025, braut skipstjórnandi bátsins Mána ÍS - 87, skipaskrárnúmer 5183, gegn 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023, og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvæði 24. gr. laga nr. 116/2006 sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996 mæla fyrir um að Fiskistofa skuli veita hlutaðeigandi útgerð áminningu eða svipta bát leyfi til strandveiða, fyrir brot á lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Við mat á því hvort brot teljist minniháttar eður ei er litið til þess hvort brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins er auk þess litið til fjölda ófullnægjandi skila þ. á m. vanskila, hlutfall þeirra á móti löndunum á vertíðinni, heildaraflamagns og fjölda landana. Skil á aflaupplýsingum voru ófullnægjandi fyrir 60% strandveiðiferða á vertíðinni þ.e. í 10 af 17 veiðiferðum, þar af voru vanskil í átta veiðiferðum.

Að mati Fiskistofu verður ekki séð að brot hafi í för með sér verulegan fjárhagslegan ávinning.

Brotið ógnar hagsmunum tengdum rekstri og trúverðugleika fiskveiðistjórnunarkerfisins. Auk þess kann brotið að ógna hagsmunum tengdum eftirliti með fiskveiðum, vísindalegri rannsókn á lífríki sjávar sem og aðgengi að alþjóðlegum mörkuðum.

Við mat á saknæmisstigi brots ber að líta til háttsemi skipstjórnanda. Á skipstjórnanda hvílir sú starfsskylda að skila aflaupplýsingum til Fiskistofu stafrænt áður en veiðiferð lýkur. Strangara saknæmismat lýtur að skipstjórnanda sem sérfræðingi í ljósi stöðu hans og þekkingar, en gera verður þá kröfu til skipstjórnarmanna að þeir þekki lög og reglur er snúa að veiðum og sérstaklega snerta atvinnu þeirra, þ.m.t. um skil á aflaupplýsingum. Við mat á því hvort skipstjórnandi hafi innt af hendi starfsskyldu sína í samræmi við það sem af honum mátti ætlast er athugað hvort hann hafi við framkvæmd starfa sinna farið eftir gildandi háttæmisreglum um skil á aflaupplýsingum og starfsaðferðum sem „*góður og gegn skipstjórnandi*“ myndi fylgja miðað við aðstæður hverju sinni. Skil á aflaupplýsingum voru ófullnægjandi hjá skipstjórnanda bátsins Mána ÍS - 87 (5183) í 10 af 17 strandveiðiferðum á vertíðinni þrátt fyrir ítrekaðar leiðbeiningar Fiskistofu um skil á aflaupplýsingum sem aðgengilegar voru í pósthólfi útgerðar á Ísland.is. Að mati Fiskistofu vanrækti skipstjórnandi Mána ÍS - 87 5183 starfsskyldu sína með saknæmum hætti.

Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins og alls þess sem að framan hefur verið rakið er það mat Fiskistofu að brotið teljist meiriháttar. Af þeim sökum komi áminning ekki til álita. Að mati Fiskistofu þykja hæfileg viðurlög, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, vegna brotsins vera svipting leyfis til strandveiða í tvær vikur.

Málsaðili ber ábyrgð á að verklag skipstjórnanda, í starfi hjá honum, við skráningu og skil á aflaupplýsingum samræmist gildandi lögum og reglum.

Fiskistofa sviptir hér með bátinn Mána ÍS - 87, skipaskrárnúmer 5183, leyfi til strandveiða í 2 vikur (14 daga) frá og með gildistöku næsta strandveiðileyfis bundið við bátinn, samkvæmt 1 og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023, vegna brota skipstjórnanda gegn 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

